

Guðný Zoëga

Möðrufell og Gilsbakki í Eyjafirði – framkvæmdaefirlit vegna hitaveitulagnar



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2013/141



© Byggðasafn Skagfirðinga
2013/141

Inngangur

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga gerði fornleifakönnun að beiðni Norðurorku ehf þann 24. Október 2013. Verkið fólst í að skrásetja fornleifar í skurðum sem teknir voru vegna lagningar heimtauga hitaveitu í Eyjafjarðarsveit. Skoðaðir voru skurðir á bæjarstæðum Möðrufells og Gilsbakka. Vettvangsrannsóknin var unnin af fornleifafraeðingunum Guðnýju Zoëga og Guðmundu St. Sigurðarsyni.

Möðrufell

Skoðaðir voru skurðir frá aðallögn í túni neðan bæjarins og upp að bæjarstæði Möðrufells. (Mynd 1) Skurður úr aðallögn upp að einbýlishúsinu á Möðrufelli var 50m langur, um metri á breidd og 70-100cm djúpur. Hann lá til norðvesturs upp túnið að inntaki í húsið og beygði svo í sex metra til norðurs, fyrir norðaustur húshornið, og lá um 3m eftir norðurhlið hússins að öðru inntaki. Á sex metra kafla austur fyrir húsið var bílaplan sem var með um 70cm þykkum malarpúða (Mynd 2). Skurðurinn var grafinn í gegn um planið. Engar fornleifar voru í skurðinum austan hússins og ekki grafið niður fyrir mölina þar. En norðan við húsið var rótað torf í botni skurðar. Ekki hafði verið mokað ofan í fornleifarnar. (Mynd 4) (Lega torfs norðan húss: ISN93 A536574.372 N557164.937)

Um 7m austan hússins hallaði skurðurinn niður brekku til suðausturs frá bæjarhólum. Brekkan var bröttust efst en meira aflíðandi þar sem skurðurinn lá í gegn um túnið. (Mynd 3) Á um 23m kafla austur af þar sem brekkan byrjaði og niður túnið voru mannvistarleifar í skurðinum. Ekki var um að ræða leifar bygginga heldur kola- og öskublandin fohlög og móöskudreif. Í skurðinum komu líka fram gjóskulög. Um var að ræða gulleita forsögulega gjósku H3, grænleita gjósku Landnámslagið svokallað (ca. 870 e.Kr.), hvítt lag úr Heklu frá 1104, svart lag úr Heklu frá 1300 og gráa gjósku úr Veiðivötnum frá 1477 (a-lagið).

Elstu mannvistarlögin lágu milli landnámsgjóskunnar (lágu beint ofan á henni) og 1104 en þar var 5-8cm þykkt fokmoldar, móösku og koladreif sem þynntist út eftir því sem neðar dró í skurðinum. Blönduð fok- og mannvistarlög voru alls um 25cm þykk á milli 1104 og 1300. Samskonar lög voru svo um 10-15cm þykk milli 1300 og 1477 gjóskunnar. Það voru því mest ummerki um byggð milli 1104 og 1300. Ofan við 1477 gjóskuna var mjög rótaður jarðvegur, bæði vegna jarðvinnslu í túninu og á bæjarstæðinu sjálfu. (Mynd 5) (Norð vestur endi sniðs sem fornleifar fundust í : ISN93 A536579.077 N557153.103 – suðaustur endi sniðs: A536597.403 N557139.108)

Þegar komið var um 25m niður í túnið var mun jarðgrynnra og H3 gjóskan stutt undir yfirborði. Þar var 20. aldar rusl í niðurgreftri. Aðrar minjar fundust ekki.

Túlkun: Byggð hófst skömmu eftir að landnámslagið féll. Mannvist frá þeim tíma og upp að 1477 gjóskunni. Ofan hennar var jarðvegur mjög rótaður.

Gilsbakki

Skoðaðar voru mannvistarleifar í hitaveituskurðum frá vegamótum á heimreiðinni upp að eldra og nyrðra íbúðarhúsinu og að bílskúr norðan við yngra íbúðarhúsið (Árbakka) sem lá um 70m sunnan þess eldra. (Myndir 6 og 7) Auk þeirra skurða sem við höfðum á teikningum frá Norðurorku og ætlunin var að skoða var einnig opinn drenskurður uppi við tvær hliðar eldra íbúðarhússins auk þess sem bæst hafi við skurður fyrir affallsvatn frá eldra íbúðarhúsinu. Hann lá til norðurs í gegn um bílaplan framan við útihúsin norðan bæjar. Þessir tveir skurðir voru einnig skoðaðir. Eldra íbúðarhúsið og fjárhúsin norðan þess standa á gamla bæjarstæði Gilsbakka.

Minjar komu fram á þremur stöðum, umhverfis gamla íbúðarhúsið og í affallsskurði norður frá því. Einnig fundust torfleifar uppi við bílskúr við yngra íbúðarhúsið.

Í skurðinum suðaustan við eldra íbúðarhúsið var snið hreinsað upp og tekin mynd (Mynd 10). Í því komu fram merki mannvistar frá því skömmu eftir að Landnámslagið féll og allt til 1477. Ofan þess var svo mól úr bílaplani. Ekki var um byggingarleifar að ræða heldur einungis fokmold blandaða móösku, kolum og öðru rusli. Þessi lög voru þó ekki nógu þykk til að vera úr eiginlegum ruslahaugi heldur fremur tilfallandi ummerki um mannvist umhverfis bæjarstæðið.

(Lega sniðs á mynd: ISN93 A536437.416 N556133.398)

Umfangsmestu minjarnar voru í drenskurðinum upp við norðvestur hlið eldra íbúðarhússins, enda stendur það á gamla bæjarstæðinu. (Myndir 8-9) Í sniðinu og í botni skurðar voru ummerki um niðurgrefti og rótuð ruslalög. Nokkuð var af gjalli og sindri í niðurgreftri í botni skurðar og er nokkuð víst að þarna hefur smiðja staðið. Einnig fundust slitróttar leifar af torfvegg, e.t.v. leifar smiðjunnar. Minjarnar umhverfis húsið báru þess merki að ýmsar seinni tíma framkvæmdir hafa farið fram á bæjarstæðinu. Jarðlög í sniði í drenskurðinum við suðurvegg hússins voru mjög rótuð og voru ekki teiknuð upp. Ekki var hægt að meta aldur minja út frá gjósku.

(SV endi sniðs: ISN93 A536424.095 N556143.342 - NA endi sniðs A536426.988 N556147.490)

Þar sem hitaveituskurðurinn lá í gegn um bílastæði upp að bílskúr norðan yngra íbúðarhússins komu fram niðurgroftur og nokkrar torfleifar í skurðsniðnu. Torfið virtist tilheyra hruninni hleðslu sem hefur hrunið að hluta ofan í niðurgroftinn. Minni ummerki um torf voru í sniðinu á móti og virtist því eins og um enda á einhverju mannvirki að ræða. Malarborið bílastæði er ofan minjanna og hefur skemmt þær að hluta. Torfhrunið sést á þriggja metra löngum kafla í suðursniði skurðar. Torfið var gamallet með miklu af H3 og landnámsgjóskunni. Syðst í sniðinu virtist sem 1477 gjóskan lægi yfir torfróti úr mannvirkinu og það er því a.m.k. eldra en það. Annars voru ummerki um mannvist í sniði bæði neðan og ofan 1477 gjóskunnar þar sem hún var greinanleg. (Mynd 11)

(Lega torfs og niðurgraftar ISN93 A536392.321 N556087.501)

Til norðurs frá eldra íbúðarhúsinu, meðfram fjárhúsum var grafinn 54m langur skurður fyrir affallsvatn. Á um 12m löngum kafla í sniði skurðar komu fram þykk lög af móösku kolum og öðru rusli sem benda til að þar hafi ruslahaugur bæjarins verið staðsettur. Neðst í sniðinu var 1477 gjóskan á sínum stað. Ruslaleifar voru einnig undir gjóskunni en ekki var grafið niður fyrir botn skurðarins. Skurðurinn var um 70cm djúpur og var rusl í öllu sniðinu nema efstu 20cm, þar var malarlag úr bílastæðinu framan við. Þegar norðar dró hvarf mannvistin úr skurðsniðinu enda jarðvegur mjög rótaður á því svæði. (Mynd 12)

(Suðurendi sniðs með mannvistarleifum: ISN93 A536439.754 N556156.682 Norðurendi sniðs: A536442.692 N556168)

Samantekt

Alls voru skoðaðir 215 metrar af hitaveituskurðum sem grafnir voru fyrir heimtaugar hitaveitu að bæjunum Möðrufelli og Gilsbakka í Eyjafjarðarsveit. Í öllum skurðunum komu fram mannvistarleifar en hvergi voru ummerki um byggingar í hitaveituskurðunum. Leifar smiðju komu hinsvegar fram í drenskurði við eldra íbúðarhúsið á Gilsbakka og við yngra íbúðarhúsið voru torfleifar í skurði. Á báðum stöðum komu fram vísbendingar um byggð fyrir 1104. Það bætir nokkuð við sögu Gilsbakka en elsta heimild um bæinn er frá 1552 og 1563 er Gilsbakki sagður kot og hjáleiga.¹

¹ Sjá Fornleifaskráning í Eyjafirði IX. Fornleifar í Grundarplássi og undir Fjöllum eftir Adolf Friðriksson, Elínu Ósk Hreiðarsdóttur, Orra Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttur. Minjasafn Akureyrir og Fornleifastofnun Íslands. FS037-94015.

Fylgiskjöl



Mynd 1. Bæjarstæði á Möðrufelli. Myndin er tekin í vestur og sýnir legu skurðar.




Mynd 2. Framkvæmdasvæðið austan bílskúrs og íbúðarhúss á Möðrufelli. Mynd tekin í norður.



Mynd 3. Mynd tekin til norðvesturs eftir endilöngum skurðinum að yngra íbúðarhúsinu á Möðrufelli.



Mynd 4. Torf í skurði norðan húss. Tekið í austur.



Mynd 5. Mannvistarlög í skurði austan bílplans. Norðursnið.



Mynd 6. Eldra íbúðarhúsið á Gilsbakka. Tekið í norður.




Mynd 7. Yngra íbúðarhús og búskúr á Gilsbakka. Tekið í vestur.



Mynd 8. Drengkurður norðvestan íbúðarhúss á Gilsbakka, tekið í suðsuðvestur.



Mynd 9. Botn í drengkurði. Ljósá gjóskan í botni er H3.





Mynd 10. Jarðlög í skurði sunnan íbúðarhúss á Gilsbakka.



Mynd 11. Niðurgröftur og torf í skurði við bílskúr yngra íbúðarhússins á Gilsbakka. Suðursnið.




Mynd 12. Ruslalög í skurði norðan íbúðarhúss á hlaði austan útihúsa. Austursnið.



Gilsbakki í Eyjafjarðarsveit

Norðvestursnið og botn í drenskurði - 24.11.2013

Teikn. GSS, GZ



Framkvæmdaeftirlit í Eyjjarðarsveit 2013 - ljósmyndaskrá

Heiti myndar	Nr.	Landareign	KB	Gerð	Dags.	Lýsing:	Horft í:
Eyjafjörður 2013	1	Gilsbakki	2547	JPEG	24.10.2013	Yfirlitsmynd af Gilsbakka - eldra hús	NV
Eyjafjörður 2013	2	Gilsbakki	2357	JPEG	24.10.2013	Yfirlitsmynd af Gilsbakka - eldra hús	SV
Eyjafjörður 2013	3	Gilsbakki	2435	JPEG	24.10.2013	Snið með gjósku og mannvistarlögum í bílaplani austan húss	SV
Eyjafjörður 2013	4	Gilsbakki	2374	JPEG	24.10.2013	Snið með gjósku og mannvistarlögum í bílaplani austan húss	SV
Eyjafjörður 2013	5	Gilsbakki	1797	JPEG	24.10.2013	Skurður austan eldra íbúðarhúss	NV
Eyjafjörður 2013	6	Gilsbakki	2200	JPEG	24.10.2013	Snið með gjósku og mannvistarlögum í bílaplani austan húss	SV
Eyjafjörður 2013	7	Gilsbakki	2341	JPEG	24.10.2013	Snið með gjósku og mannvistarlögum í bílaplani austan húss	SV
Eyjafjörður 2013	8	Gilsbakki	2048	JPEG	24.10.2013	Skurður norðan fjóss	SV
Eyjafjörður 2013	9	Gilsbakki	2685	JPEG	24.10.2013	Torf yfir niðurgreftri í skurði austan bílskúrs	S
Eyjafjörður 2013	10	Gilsbakki	2660	JPEG	24.10.2013	Hrunið torf í niðurgreftri í skurði austan bílskúrs	S
Eyjafjörður 2013	11	Gilsbakki	2472	JPEG	24.10.2013	1300 og 1477 rétt yfir H3	S
Eyjafjörður 2013	12	Gilsbakki	2967	JPEG	24.10.2013	Skurður austan bílskúrs, suðursnið	SV
Eyjafjörður 2013	13	Gilsbakki	2761	JPEG	24.10.2013	Skurður austan bílskúrs, suðursnið	SV
Eyjafjörður 2013	14	Gilsbakki	2579	JPEG	24.10.2013	Skurður austan bílskúrs, suðursnið	SV
Eyjafjörður 2013	15	Gilsbakki	2915	JPEG	24.10.2013	Skurður austan bílskúrs, suðursnið	SV
Eyjafjörður 2013	16	Gilsbakki	2770	JPEG	24.10.2013	Skurður austan bílskúrs, suðursnið	SV
Eyjafjörður 2013	17	Gilsbakki	3013	JPEG	24.10.2013	Skurður austan bílskúrs, suðursnið	SA
Eyjafjörður 2013	18	Gilsbakki	2814	JPEG	24.10.2013	Skurður austan bílskúrs, suðursnið	SV
Eyjafjörður 2013	19	Gilsbakki	2866	JPEG	24.10.2013	Skurður austan bílskúrs, suðursnið	S
Eyjafjörður 2013	20	Gilsbakki	2827	JPEG	24.10.2013	Skurður austan bílskúrs, suðursnið	S
Eyjafjörður 2013	21	Gilsbakki	2719	JPEG	24.10.2013	Skurður austan bílskúrs, suðursnið	SA
Eyjafjörður 2013	22	Gilsbakki	2670	JPEG	24.10.2013	Skurður austan bílskúrs, suðursnið	SV
Eyjafjörður 2013	23	Gilsbakki	1880	JPEG	24.10.2013	Afallsskurður austan fjóss - yfirlitsmynd	S
Eyjafjörður 2013	24	Gilsbakki	1984	JPEG	24.10.2013	Afallsskurður austan fjóss - yfirlitsmynd	S
Eyjafjörður 2013	25	Gilsbakki	1917	JPEG	24.10.2013	Afallsskurður austan fjóss - yfirlitsmynd	N
Eyjafjörður 2013	26	Gilsbakki	2658	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í skurði austan fjóss - austursnið	A
Eyjafjörður 2013	27	Gilsbakki	2533	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í skurði austan fjóss - austursnið	A
Eyjafjörður 2013	28	Gilsbakki	2446	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í skurði austan fjóss - austursnið	A
Eyjafjörður 2013	29	Gilsbakki	2564	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í skurði austan fjóss - austursnið	A
Eyjafjörður 2013	30	Gilsbakki	2633	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í skurði austan fjóss - austursnið	A
Eyjafjörður 2013	31	Gilsbakki	2660	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í skurði austan fjóss - austursnið	A
Eyjafjörður 2013	32	Gilsbakki	2609	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í skurði austan fjóss - austursnið	A

Framkvæmdaeftirlit í Eyjjarðarsveit 2013 - ljósmyndaskrá

Heiti myndar	Nr.	Landareign	KB	Gerð	Dags.	Lýsing:	Horft í:
Eyjafjörður 2013	33	Gilsbakki	2411	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í skurði austan fjóss - austursnið	A
Eyjafjörður 2013	34	Gilsbakki	2397	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í skurði austan fjóss - austursnið	A
Eyjafjörður 2013	35	Gilsbakki	2384	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í skurði austan fjóss - austursnið	A
Eyjafjörður 2013	36	Gilsbakki	2536	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í skurði austan fjóss - austursnið	A
Eyjafjörður 2013	37	Gilsbakki	2474	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í skurði austan fjóss - austursnið	A
Eyjafjörður 2013	38	Gilsbakki	5137	JPEG	24.10.2013	Drenskurður vestan íbúðarhúss	SA
Eyjafjörður 2013	39	Gilsbakki	5711	JPEG	24.10.2013	Drenskurður vestan íbúðarhúss	S
Eyjafjörður 2013	40	Gilsbakki	5227	JPEG	24.10.2013	Drenskurður vestan íbúðarhúss	S
Eyjafjörður 2013	41	Gilsbakki	5854	JPEG	24.10.2013	Suð-vestur horn í drenskurði við íbúðarhús	S
Eyjafjörður 2013	42	Gilsbakki	5995	JPEG	24.10.2013	Syðsti endi vestursniðs í drenskurði við hús	V
Eyjafjörður 2013	43	Gilsbakki	4177	JPEG	24.10.2013	Syðsti endi vestursniðs í drenskurði við hús	V
Eyjafjörður 2013	44	Gilsbakki	5224	JPEG	24.10.2013	Yfirlit yfir minjar í drenskurði vestan húss	S
Eyjafjörður 2013	45	Gilsbakki	4954	JPEG	24.10.2013	Yfirlit yfir minjar í drenskurði vestan húss	S
Eyjafjörður 2013	46	Gilsbakki	5731	JPEG	24.10.2013	Yfirlit yfir minjar í drenskurði vestan húss	S
Eyjafjörður 2013	47	Gilsbakki	5951	JPEG	24.10.2013	Yfirlit yfir minjar í drenskurði vestan húss	S
Eyjafjörður 2013	48	Gilsbakki	5928	JPEG	24.10.2013	Yfirlit yfir minjar í drenskurði vestan húss	S
Eyjafjörður 2013	49	Gilsbakki	5341	JPEG	24.10.2013	Yfirlit yfir minjar í drenskurði vestan húss	S
Eyjafjörður 2013	50	Gilsbakki	6009	JPEG	24.10.2013	Niðurgroftur í botni í norðurenda drenskurðar vestan húss	Að ofan
Eyjafjörður 2013	51	Gilsbakki	5762	JPEG	24.10.2013	Niðurgroftur í botni í norðurenda drenskurðar vestan húss	Að ofan
Eyjafjörður 2013	52	Gilsbakki	5594	JPEG	24.10.2013	Niðurgroftur í botni í norðurenda drenskurðar vestan húss	Að ofan
Eyjafjörður 2013	53	Gilsbakki	5523	JPEG	24.10.2013	Yfirlit yfir minjar í drenskurði vestan húss	S
Eyjafjörður 2013	54	Gilsbakki	6002	JPEG	24.10.2013	Yfirlit yfir minjar í drenskurði vestan húss	S
Eyjafjörður 2013	55	Gilsbakki	5680	JPEG	24.10.2013	Yfirlit yfir minjar í drenskurði vestan húss	N
Eyjafjörður 2014	56	Möðrufell	2449	JPEG	24.10.2013	Yfirlitsmyndir af upphafi rannsóknar á Möðrufelli - inntaksskurður við bílskúr	N
Eyjafjörður 2015	57	Möðrufell	2251	JPEG	24.10.2013	Yfirlitsmyndir af upphafi rannsóknar á Möðrufelli - inntaksskurður við bílskúr	NV
Eyjafjörður 2016	58	Möðrufell	1965	JPEG	24.10.2013	Yfirlitsmyndir af upphafi rannsóknar á Möðrufelli - inntaksskurður við bílskúr	S
Eyjafjörður 2017	59	Möðrufell	1963	JPEG	24.10.2013	Yfirlitsmyndir af upphafi rannsóknar á Möðrufelli - inntaksskurður við bílskúr	S
Eyjafjörður 2018	60	Möðrufell	2675	JPEG	24.10.2013	Yfirlitsmyndir af upphafi rannsóknar á Möðrufelli - inntaksskurður við bílskúr	NV
Eyjafjörður 2019	61	Möðrufell	2035	JPEG	24.10.2013	Yfirlitsmyndir af upphafi rannsóknar á Möðrufelli - inntaksskurður við bílskúr	NV
Eyjafjörður 2020	62	Möðrufell	2665	JPEG	24.10.2013	Yfirlitsmyndir af upphafi rannsóknar á Möðrufelli - inntaksskurður við bílskúr	N
Eyjafjörður 2021	63	Möðrufell	2100	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðursniði skurðar niður túnið frá bílastæði	N
Eyjafjörður 2022	64	Möðrufell	1966	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðursniði skurðar niður túnið frá bílastæði	N

Framkvæmdaeftirlit í Eyjafjarðarsveit 2013 - ljósmyndaskrá

Heiti myndar	Nr.	Landareign	KB	Gerð	Dags.	Lýsing:	Horft í:
Eyjafjörður 2023	65	Möðrufell	2434	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðursniði skurðar niður túnið frá bílastæði	N
Eyjafjörður 2024	66	Möðrufell	2552	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðursniði skurðar niður túnið frá bílastæði	N
Eyjafjörður 2025	67	Möðrufell	2653	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðursniði skurðar niður túnið frá bílastæði	N
Eyjafjörður 2026	68	Möðrufell	2479	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðursniði skurðar niður túnið frá bílastæði	N
Eyjafjörður 2027	69	Möðrufell	2297	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðursniði skurðar niður túnið frá bílastæði	N
Eyjafjörður 2028	70	Möðrufell	2398	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðursniði skurðar niður túnið frá bílastæði	N
Eyjafjörður 2029	71	Möðrufell	2321	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðursniði skurðar niður túnið frá bílastæði	N
Eyjafjörður 2030	72	Möðrufell	2620	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðursniði skurðar niður túnið frá bílastæði	N
Eyjafjörður 2031	73	Möðrufell	2720	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðursniði skurðar niður túnið frá bílastæði	N
Eyjafjörður 2032	74	Möðrufell	2811	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðursniði skurðar niður túnið frá bílastæði	N
Eyjafjörður 2033	75	Möðrufell	2717	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðursniði skurðar niður túnið frá bílastæði	N
Eyjafjörður 2034	76	Möðrufell	1682	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðursniði skurðar niður túnið frá bílastæði	N
Eyjafjörður 2035	77	Möðrufell	2964	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðursniði skurðar niður túnið frá bílastæði	N
Eyjafjörður 2036	78	Möðrufell	3069	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðursniði skurðar niður túnið frá bílastæði	NA
Eyjafjörður 2037	79	Möðrufell	3453	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í skurði niður tún	A
Eyjafjörður 2038	80	Möðrufell	2446	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í skurði niður tún	A
Eyjafjörður 2039	81	Möðrufell	3103	JPEG	24.10.2013	Skurður í bílastæði austan bílskúrs	N
Eyjafjörður 2040	82	Möðrufell	2249	JPEG	24.10.2013	Horft niður skurð í túni austur af bílplani	A
Eyjafjörður 2041	83	Möðrufell	2991	JPEG	24.10.2013	Torf í skurði við inntak við norðaustur horn bílskúrs	Að ofan
Eyjafjörður 2042	84	Möðrufell	3157	JPEG	24.10.2013	Torf í skurði við inntak við norðaustur horn bílskúrs	V
Eyjafjörður 2043	85	Möðrufell	2626	JPEG	24.10.2013	Torf í skurði við inntak við norðaustur horn bílskúrs	A
Eyjafjörður 2044	86	Möðrufell	1880	JPEG	24.10.2013	Skurður við noðrausturhorn bílskúrs - yfirlitsmynd	SA
Eyjafjörður 2045	87	Möðrufell	3307	JPEG	24.10.2013	Torf í skurði við inntak við norðaustur horn bílskúrs	V
Eyjafjörður 2046	88	Möðrufell	2735	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðurenda skurðar í túni austan bílastæðis	N
Eyjafjörður 2047	89	Möðrufell	2868	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðurenda skurðar í túni austan bílastæðis	N
Eyjafjörður 2048	90	Möðrufell	3508	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðurenda skurðar í túni austan bílastæðis	N
Eyjafjörður 2049	91	Möðrufell	2679	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðurenda skurðar í túni austan bílastæðis	N
Eyjafjörður 2050	92	Möðrufell	2887	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðurenda skurðar í túni austan bílastæðis	N
Eyjafjörður 2051	93	Möðrufell	3253	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í skurði niður tún austan bílplans	V
Eyjafjörður 2052	94	Möðrufell	3130	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðurhluta skurðar austan bílplans	A
Eyjafjörður 2053	95	Möðrufell	2543	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðurhluta skurðar austan bílplans	N
Eyjafjörður 2054	96	Möðrufell	3221	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðurhluta skurðar austan bílplans - brennd bein í ruslahaugi undir : N	

Framkvæmdaefirlit í Eyjjarðarsveit 2013 - ljósmyndaskrá

Heiti myndar	Nr.	Landareign	KB	Gerð	Dags.	Lýsing:	Horft í:
Eyjafjörður 2055	97	Möðrufell	2770	JPEG	24.10.2013	Jarðlög í norðurhluta skurðar austan bílaplans	N
Eyjafjörður 2056	98	Möðrufell	2171	JPEG	24.10.2013	Skurður niður tún austan bílaplans - yfirlitsmyndir	A
Eyjafjörður 2057	99	Möðrufell	3246	JPEG	24.10.2013	Skurður niður tún austan bílaplans - yfirlitsmyndir	V
Eyjafjörður 2058	100	Möðrufell	2495	JPEG	24.10.2013	Bæjarstæðið á Möðrufelli og skurður austur túnið	SV
Eyjafjörður 2059	101	Möðrufell	2175	JPEG	24.10.2013	Skurður niður tún austan bílaplans - yfirlitsmyndir	V
Eyjafjörður 2060	102	Möðrufell	2527	JPEG	24.10.2013	Upphækkun austan og neðan gamla íbúðarhússins á Möðrufelli	SV
Eyjafjörður 2061	103	Möðrufell	2565	JPEG	24.10.2013	Upphækkað bílaplan austan bílskúrs	N
Eyjafjörður 2062	104	Möðrufell	2573	JPEG	24.10.2013	Horft heim að Möðrufelli eldra íbúðarhúsið stendur á gamla bæjarhólnum	V